




Uppgjör 9M 2024

Lilja Björk Einarsdóttir
Bankastjóri

Hreiðar Bjarnason
Framkvæmdastjóri Fjármála

Landsbankinn – stærsta fjármálafyrirtæki á Íslandi

Rekstrartekjur án virðisbreytinga



Hlutdeild og stærð



Útlán*
28,9%

Innlán**
37,4%

Heildareignir
2.186
ma.kr.

Eiginfjárlutfall
24,1%

Lánshæfismat S&P Global


BBB+/A-2

Stöðugar horfur

Áhættumat vegna UFS-pátta



Hverfandi áhætta



*Markaðshlutdeild í útlánum lánafyrirtækja
**Markaðshlutdeild í innlánnum innlánsstofnana
Heimild: Seðlabankinn, 31. ágúst 2024

Gott uppgjör á fyrstu níu mánuðum ársins

Rekstur bankans er traustur og efnahagsreikningurinn fer stækkandi



Arðsemi eigin fjár er 11,7%, í takt við vænta arðsemi ársins sem er á bilinu 11-12%.

Hreinar vaxtatekjur aukast á milli ára vegna stækkandi efnahagsreikning, en breytt samsetning innlánsfjármögnunar dregur úr vaxtamun sem lækkar úr 3,0% í 2,9%.

Hreinar þjónustutekjur dragast örlítið saman á milli ára.

Virðisrýrnun útlána nemur 2 milljörðum króna og vanskil eru enn lág.

Kostnaðarhlutfall bankans helst áfram lágt.

Heildarinnlán jukust um 170 milljarða króna, eða 16%.

Útlánavöxtur var kröftugur, en útlán aukast um 9,5% á fyrstu níu mánuðum ársins. Útlán til fyrirtækja aukast um 100 milljarð króna en útlán til einstaklinga um 54 milljarða króna.

Fjármögnun hefur gengið vel það sem af er ári. Í lok september lauk bankinn við græna skuldabréfaútgáfu í evrum. Veruleg umframeftirspurn var eftir bréfunum í þessari fimmtu grænu skuldabréfaútgáfu bankans.

Eiginfjárstaðan er sterk og áhættuvegið eiginfjárhlutfall bankans er vel yfir 20,4% kröfu eftirlitsaðila.

Traustur rekstur á þriðja ársfjórðungi

Góð afkoma ársfjórðungsins undirstrikar að bankinn er vel í stakk búinn til að takast á við þau verkefni sem fram undan eru.

Hagnaður

10,8

ma.kr.

Hreinar vaxtatekjur

-1,9%

Hreinar þjónustutekjur

+15,2%

Arðsemi eigin fjár

14,0%

Kostnaður sem hlutfall af tekjum
(K/T hlutfall)

30,7%





Mikil aukning í verðtryggðum íbúðalánnum

Skýr sveifla frá áramótum

Verðtryggð íbúðalán

+ 107,9 ma.kr.

Óverðtryggð íbúðalán

- 50,9 ma.kr.


Fyrstu kaupendur

Verðtryggð íbúðalán með jöfnum greiðslum eru nú eingöngu í boði fyrir fyrstu kaupendur

Hvað gerðu lántakar þegar fastir vextir á óverðtryggðum lánnum losnuðu?

Tæplega helmingur, eða 48%, færðist sjálfkrafa yfir á breytilega vexti
Í 52% tilvika voru lánin endurfjármögnuð

48% færðust yfir á breytilega vexti



Sjálfsafgreiðsluhlutfall

35%



27,6% í verðtryggð lán með breytilegum vöxtum

18,2% í óverðtryggð lán með föstum vöxtum

3,6% í óverðtryggð lán með breytilegum vöxtum

2,6% í verðtryggð lán með föstum vöxtum

Traust ráðgjöf

13.554

viðskiptavinir bókuðu tíma í ráðgjöf

57%

þeirra vildu ráðgjöf vegna íbúðalána

99,7%

lántaka sem voru með íbúðalán á föstum vöxtum fengu ráðgjafarsímtal frá bankanum




Miklar sveiflur í ávöxtunarkröfu lánsfjármögnunar

Batnandi kjör í erlendri lánsfjármögnun, en veruleg hækkun raunvaxta verðtryggðar lánsfjármögnunar


Græn skuldabréf í evrum

Álag á miðgildi vaxtatilboða í vaxtaskiptasamningum




Óverðtryggð skuldabréf

Ávöxtunarkrafa í útboðum



Verðtryggð skuldabréf

Ávöxtunarkrafa í útboðum





Öflug þjónusta fyrir ungt fólk

Á aldrinum 18-25 ára

900

umsóknir um
sumarstörf hjá
bankanum

Yfir

100

fengu
sumarstarf

Umsækjendur voru

48% konur

52% karlar

1.645

tóku þátt í
sumarlaunaleik



1 ár á TikTok

577.373

áhorf

13,2%

fjöldun
viðbótarlífeyris-
samninga

17,3%

fjöldun
lífeyrissaminga

38,2%

eru í
viðskiptum

2.900

nýir sparireikningar





Tækifæri og áskoranir í sjálfbærni

Sjálfbærnidagurinn

Sjálfbærnidagur Landsbankans var haldinn í þriðja sinn. Á fundinum fjölluðu forstjórar öflugra íslenskra fyrirtækja um árangur og áskoranir í sjálfbærnimálum og einn helsti loftslagssérfræðingur þjóðarinnar fjallaði um afleiðingar loftslagsbreytinga og nauðsynlegar aðgerðir.

Sjálfbærnistyrkir

Í ár bárust yfir 40 umsóknir og 5 verkefni hlutu styrki upp á tvær milljónir króna hvert.

Sjóðnum er ætlað að styðja þróun lausna sem hafa jákvæð áhrif á umhverfið og stuðla að sjálfbærni.



Jákvæð áhrif á íslenskt samfélag

Listaverkin í bankanum

Frábærar viðtökur við nýjum lista-
verkavef Landsbankans - yfir 10.000
heimsóknir fyrstu vikunar eftir að
vefurinn var opnaður

Uppbókað var í listaverkagöngur
í Reykjastræti og mikil ánægja
með framtakið

Gleðigangan

3 milljónir króna í stuðning


Fræðsla, umfjöllun og fögnuður
í bankanum

Menningarnótt

4 m.kr. úr Menningarnæturpotti

Sameiginleg dagskrá með
Hörpu og Hafnartorgi og
vígsla Hörputorgs

Yfir 2.000 gestir




Fjárhagsleg markmið og þróun lykilmælikvarða

Sterk fjárhagsstaða og skilvirkur rekstur

Arðsemi

Arðsemi eigin fjár



Markmið 9M 2024


≥ 10% 11,7%

Leiðbeinandi viðmið

Vænt arðsemi eigin fjár á árinu 2024 er 11-12%.

Skilvirkni

Kostnaðarlutfall (K/T)



Markmið 9M 2024


≤ 40% 32,3%

Leiðbeinandi viðmið

Vænt K/T hlutfall á árinu 2024 er 32-34%.

Fjárhagslegur styrkur

Almennt eigið fé þáttar 1 (CET1)




Markmið 9M 2024

≥ 18% 21,4%

Leiðbeinandi viðmið

Vera í hæsta flokki fyrir áhættuvegið eiginfjárlutfall eins og það er metið af lánshæfismatsfyrirtækjum.

Eiginfjárlutfall alls



Markmið 9M 2024

≥ 22% 24,1%

Leiðbeinandi viðmið

Stefnt er að því að fullnýta áfram svigrúm til útgáfu eigin fjár þáttar 2. Úgáfa skuldabréfa viðbótar eigin fjár þáttar1 (AT1) er til skoðunar.

Markmið: Reglulegar arðgreiðslur verði um 50% af hagnaði fyrra árs



Rekstrarreikningur


Rekstrarreikningur

	9M 2024	9M 2023	Breyting	
Hreinar vaxtatekjur	44.090	42.776	1.314	3%
Hreinar þjónustutekjur	8.068	8.087	-19	0%
Hrein virðisbreyting	-2.018	-1.839	-179	10%
Aðrar rekstrartekjur (gjöld)	8.463	2.989	5.474	183%
Rekstrartekjur samtals	58.603	52.013	6.590	13%
Laun og launatengd gjöld	12.005	11.534	471	4%
Annar rekstrarkostnaður	7.569	7.113	456	6%
Skattur á heildarskuldir fjármálafyrirtækja	1.955	1.763	192	11%
Rekstrargjöld samtals	21.529	20.410	1.119	5%
Hagnaður fyrir skatta	37.074	31.603	5.471	17%
Tekjuskattur	10.166	9.220	946	10%
Hagnaður tímabilsins	26.908	22.383	4.525	20%


	3F 2024	3F 2023	Breyting	
	14.955	15.241	-286	-2%
	2.690	2.336	354	15%
	1.442	-248	1.690	-681%
	2.129	207	1.922	928%
	21.216	17.536	3.680	21%
	3.582	3.221	361	11%
	2.493	2.388	105	4%
	719	643	76	12%
	6.793	6.252	541	9%
	14.423	11.284	3.139	28%
	3.636	3.374	262	8%
	10.787	7.910	2.877	36%

Hreinar rekstrartekjur


Hátt vaxtastig og stækkun efnahagsreiknings skila 3% aukningu í hreinum vaxtatekjum




Hreinar vaxtatekjur



Hreinar þjónustutekjur




Meginvextir Seðlabankans og vaxtamunur




Rekstrargjöld

Rekstrarkostnaður hækkar um 6% milli ára og er nær óbreyttur að raungildi



Laun og tengd gjöld



Stöðugildi



Rekstrargjöld





Efnahagsreikningur

Heildareignir

Aukin útlán til bæði heimila og fyrirtækja.

	30.9.2024	31.12.2023	Breyting	
Sjóður og innstæður í Seðlabanka	124	76	48	63%
Markaðsskuldabréf	138	148	-10	-7%
Hlutabréf	24	19	5	26%
Útlán og kröfur á lánastofnanir	77	54	23	43%
Útlán og kröfur á viðskiptavini	1.785	1.631	154	9%
Aðrar eignir	38	33	5	15%
Samtals	2.186	1.961	225	11%


- Útlán til einstaklinga jukust um 54 ma.kr. Íbúðalán aukast um 8%, eða um 57 ma.kr.
- Útlán til fyrirtækja jukust um 100 ma.kr. frá áramótum en af þeirri upphæð eru áhrif gengis um 0,5 ma.kr. til hækkunar.





Útlán og kröfur á viðskiptavini

Umtalsverð aukning verðtryggðra útlána á sama tíma og vanskil aukast lítillega

Heildarútlán




Vandræðalán




Útlán til einstaklinga

Viðskiptavinir sækja á ný í verðtryggt íbúðalán samhliða uppgreiðslum óverðtryggðra íbúðalána


Útlán til einstaklinga




Íbúðalán – endursetning vaxta



Útlán heimila eftir lánsformum




Dreifing á uppsöfnuðu veðhlutfalli íbúðalána




Útlán til fyrirtækja

Almenn útlánaaukning til fyrirtækja, þvert á atvinnugreinar


Útlán til fyrirtækja



Útlán til fyrirtækja eftir flokkun í áhættustig




Útlán til fyrirtækja eftir atvinnugreinum




Virðisbreyting útlána

Umtalsverð virðisrýrnun vegna náttúruhamfara á Reykjanesi


Virðisrýrnunarsjóður vegna útlána og krafna til viðskiptavina



Áhættukostnaður útlána



Rekstraráhrif virðisrýrnunar



Útlán eftir áhættustigum

	Bókfært virði brúttó		Virðisrýrnunarsjóður		Bókfært virði nettó	
Áhættustig 1	1.649	91,8%	1,9	0,1%	1.647	92,2%
Áhættustig 2	74	4,1%	1,9	2,6%	72	4,1%
Áhættustig 3	27	1,5%	6,4	24,0%	20	1,1%
Gangvirði	46	2,6%		0%	46	2,6%
Samtals	1.796	100%	10,2	0,6%	1.785	100%





Skuldir og eigið fé

Fjölbreytt fjármögnun og mikill vöxtur innlána



	30.9.2024	31.12.2023	Breyting	
Skuldir við lánastofnanir og Seðlabanka	12	30	-18	-60%
Innlán frá viðskiptavinum	1.218	1.049	169	16%
Lántaka	546	514	32	6%
Aðrar skuldir	58	44	14	32%
Víkjandi lántaka	38	20	18	90%
Eigið fé	314	304	10	3%
Samtals	2.186	1.961	225	11%

- Innlán frá viðskiptavinum aukast um 169 ma.kr. frá áramótum.
- Lántaka hækkar um 32 ma.kr. frá áramótum en af þeirri upphæð eru áhrif gengis um 1,2 ma.kr. til lækkunar.




Innlán frá viðskiptavinum

Áframhaldandi aukning innlána, einkum óverðtryggð innlán heimila





- Innlán frá heimilum aukast um 76 ma.kr. á fyrstu 9 mánuðum ársins 2024 en heildarinnlán frá viðskiptavinum aukast um 169 ma.kr.
- Innstæður njóta forgangs umfram almennar kröfur við skilameðferð lánastofnana á Íslandi. Auk þess njóta samtals um 45% innlána frá viðskiptavinum ábyrgðar innstæðutryggingakerfis, samkvæmt lögum um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta.




Lánsfjármögnun

Aukin fjölbreytni í fjármögnun bankans með útgáfu víkjandi forgangsbréfa


Sundurliðun lánsfjármögnunar



Útgáfa lánsfjármögnunar




Endurgreiðsluferill lánsfjármögnunar




Lausafjárþekja og fjármögnunarþekja

Lausafjár- og fjármögnunarhlutföll vel umfram lögbundnar kröfur


Heildarlausafjárþekja




Lausafjárþekja ISK



Lausafjárþekja EUR



Fjármögnunarþekja




Eiginfjárkröfur

Eiginfjárhlutföll vel umfram lögbundnar kröfur


	CET1	Tier 1	Alls
Stoð I	4,5%	6,0%	8,0%
Stoð II-R	1,4%	1,9%	2,5%
Lágmarkskrafa undir Stoð I og Stoð II-R	5,9%	7,9%	10,5%
Eiginfjáruki vegna kerfisáhættu	2,9%	2,9%	2,9%
Eiginfjáruki fyrir kerfislega mikilvæg fjármálafyrirtæki	2,0%	2,0%	2,0%
Sveiflujöfnunarauki	2,5%	2,5%	2,5%
Verndunarauki	2,5%	2,5%	2,5%
Samanlögð krafa um eiginfjáruka undir Stoð II-G	9,9%	9,9%	9,9%
Heildarkrafa um eiginfjárgrunn	15,8%	17,8%	20,4%
Eiginfjárhlutfall alls	21,4%	21,4%	24,1%

- Samstæðan notast við staðalaðferð (e. standardised approach) við útreikning á eiginfjárkröfum undir Stoð I fyrir útlána- og markaðsáhættu. Fyrir rekstraráhættu notast bankinn við grundvallaraðferð (e. basic indicator approach). Bankinn beitir virkri nálgun (e. dynamic approach) hvað varðar aðlögunarákvæði um IFRS 9.
- Þann 16. mars 2024 hækkaði gildi sveiflujöfnunarauka á fjármálafyrirtæki úr 2,0% í 2,5%.
- Þann 28. júní 2024 birti Fjármálaeftirlit Seðlabankans viðbótarkröfu um eiginfjárgrunn samkvæmt Stoð II-R og er hún nú 2,5% af áhættugrunni fyrir Landsbankann, en var áður 2,8%.

Heildarkrafa um eiginfjárgrunn sem hlutfall af áhættugrunni





Áhættuvegnar eignir



Lágmarkskrafa um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar (MREL)

MREL-fjármögnun Landsbankans er vel umfram kröfur



Nýjasta MREL-krafa skilavalds Seðlabanka Íslands til Landsbankans er frá október 2024 og er skv. lögum sú hærri af:

- **Áhættutengt:**
2 x (Stoð I + Stoð II-R) + Samanlögð krafa um eiginfjáruka (CBR)
- **Vogunartengt:**
2 x Lágmarkskrafa um vogunarlutfall (3,0% af heildarmælistærð áhættuskuldbindinga)

Skilavaldið leggur jafnframt á sérstaka MREL-kröfu um undirskipaða fjármögnun sem nemur 13,5% af áhættugrunni, auk samanlagðrar kröfu um eiginfjáruka (CBR)

MREL-krafa gagnvart Landsbankanum er 30,9% af áhættugrunni eða sem nemur 429,4 mö.kr. í lok september 2024.

- MREL-fjármögnun bankans er samtals 493,9 ma.kr. í lok september 2024, eða sem jafngildir 35,5% af áhættugrunni.

MREL-krafa um undirskipan gagnvart Landsbankanum er 23,4% af áhættugrunni, eða sem nemur 325,2 ma.kr. í lok september 2024.

- MREL-undirskipuð fjármögnun bankans er samtals 350,8 ma.kr. í lok september 2024, eða sem nemur 25,2% af áhættugrunni.

Tilskipun ESB um endurbætur og skilameðferð fjármálafyrirtækja (BRRD) var innleidd í lög á Íslandi árið 2020.

- Lágmarkskrafa um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar (MREL) er hluti af BRRD.
- Skilavald Seðlabanka Íslands leggur MREL-kröfur á Landsbankann sem kerfislega mikilvægt fjármálafyrirtæki á Íslandi (O-SII).

Arðgreiðslur

Stefna bankans er að greiða um 50% af hagnaði fyrra árs í arð


Arðgreiðslur 2024

- Aðalfundur Landsbankans, sem haldinn var 19. apríl 2024, samþykkti tillögu bankaráðs um að greiða arð til hluthafa vegna reikningsársins 2023 sem nemur 0,70 krónum á hlut og að arðgreiðslan verði tvískipt. Arðgreiðslurnar nema hvor um sig 0,35 krónum á hlut og var fyrri greiðslan innt af hendi þann 24. apríl sl. en sú síðari þann 16. október sl. Arðgreiðslurnar nema í heild 16.530 milljónum króna.


Arðgreiðslustefna Landsbankans

- Landsbankinn stefnir að því að reglulegar arðgreiðslur til hluthafa verði að jafnaði um 50% af hagnaði fyrra árs. Í samræmi við markmið um eiginfjárlutfall er einnig stefnt að sérstökum arðgreiðslum til þess að auka hagkvæmni í fjármagnsskipan bankans.
- Við ákvörðun um fjárhæð arðgreiðslna verði tryggt að bankinn viðhaldi afar sterkri fjárhagsstöðu. Þannig verði tekið mið af áhættu í innra og ytra umhverfi, vaxtarhorfum og að bankinn viðhaldi til framtíðar traustri eiginfjár- og lausafjárstöðu og uppfylli lögbundnar kröfur um fjárhagsstöðu á hverjum tíma

Arðgreiðslur



Eiginfjárlutfall breytingar 9M 2024



Ánægðustu viðskiptavinirnir



- Öflug þjónusta fyrir ungt fólk skilar hárra markaðshlutdeild
- Sterkur vöxtur í nýjum lífeyrissamningum
- **99,7%** viðskiptavina með húsnæðislán á föstum vöxtum fengu ráðgjafarsímtal

Jákvæð áhrif á íslenskt samfélag



- Sjálfbærnidagur Landsbankans var haldinn í þriðja sinn
- Úthlutuðum **10** m.kr. í sjálfbærnistyrkjum
- Yfir **10.000** heimsóknir á nýjan listaverkavef bankans fyrstu vikunar

Traustur og ábyrgur rekstur



- Hagstæð kjör í **300** m.evru skuldabréfaútgáfu bankans
- Veruleg umframeftirspurn í skuldabréfaútgáfum bankans
- Víkjandi forgangsbréf að upphæð **16,5** ma.kr. í NOK og SEK eru þau fyrstu sinnar tegundar hjá íslenskum banka

Eftirsóttur vinnustaður




- **20** fræðsluviðburðir innanhúss fyrir starfsfólk
- **900** sumarstarfsumsóknir og jöfn kynjahlutföll hjá umsækjendum

Viðauki


Efnahagssviðsmyndir vegna mats á væntu útlánatapi

- Greiningardeild Landsbankans útbýr sviðsmyndir með spám um mikilvægar hagstærðir.
- Myndirnar sýna lykilhagstærðir sem notaðar voru við útreikning á væntu útlánatapi fyrir áhættustig 1 og 2.
- Spárnar sýna meðaltalsgildi fyrir næstu 12 mánuði og út spátímann, sem nær til meðallangs tíma.
- Við útreikning á væntu útlánatapi er jákvæðu sviðsmyndinni gefið 10% vægi, grunnsviðsmyndinni er gefið vægið 70% og neikvæðu sviðsmyndinni er gefið vægið 20% (2023: 10%-70%-20%).


Hagvöxtur




Atvinnuleysi




Verðbólga




Meginvextir Sí (sjö daga bundin innlán)



EUR / ISK



Íbúðaverð breyting milli ára



Kennitölur

	9M 2024	2023	2022	2021	2020	3F 2024	2F 2024	1F 2024	4F 2023	3F 2023
Hagnaður eftir skatta	26.908	33.167	16.997	28.919	10.521	10.787	8.965	7.156	10.784	7.910
Arðsemi eigin fjár eftir skatta	11,7%	11,6%	6,3%	10,8%	4,3%	14,0%	11,7%	9,3%	14,5%	10,9%
Arðsemi heildareigna eftir skatta	1,7%	1,7%	1,0%	1,7%	0,7%	2,0%	1,7%	1,4%	2,2%	1,6%
Heildareignir	2.185.796	1.960.776	1.787.024	1.729.798	1.564.177	2.185.796	2.075.463	2.032.436	1.960.776	1.982.403
Hreinar vaxtatekjur	44.090	57.559	46.464	38.953	38.074	14.955	14.752	14.383	14.784	15.241
Vaxtamunur í hlutfalli af meðalstöðu heildareigna	2,9%	3,0%	2,7%	2,3%	2,5%	2,8%	2,9%	2,9%	3,0%	3,1%
Útlán í hlutfalli við innlán viðskiptavina	146,5%	155,5%	159,6%	154,1%	160,5%	146,5%	151,4%	151,1%	155,5%	150,2%
Kostnaður sem hlutfall af tekjum (K/T)	32,3%	33,7%	46,8%	43,2%	47,4%	30,7%	32,5%	33,6%	31,6%	31,5%
Rekstrarkostnaður í hlutfalli af mst. heildareigna	1,3%	1,4%	1,4%	1,4%	1,6%	1,1%	1,3%	1,4%	1,5%	1,2%
Eigið fé samtals	314.049	303.754	279.091	282.645	258.255	314.049	303.262	310.828	303.754	292.971
Eiginfjárhlutfall alls	24,1%	23,6%	24,7%	26,6%	25,1%	24,1%	24,4%	24,9%	23,6%	23,7%
Eiginfjárgrunnur og hæfar skuldbindingar (e. MREL)	35,5%	37,9%	40,4%			35,5%	36,4%	39,6%	37,9%	37,8%
Heildarlausafjárþekja	263%	181%	134%	179%	154%	263%	177%	275%	181%	238%
Lausafjárþekja EUR (LCR FX til og með 2022)	666%	1499%	351%	556%	424%	666%	447%	950%	1499%	1227%
Lausafjárþekja ISK	134%	129%	99%	120%	105%	134%	159%	156%	129%	161%
Fjármögnunarþekja	121%	123%	117%	121%	116%	121%	122%	127%	123%	123%
Fjármögnunarþekja erlendra mynta	136%	145%	132%	142%	132%	136%	138%	157%	145%	150%
Stöðugildi	813	817	813	816	878	813	824	826	817	818

Rekstur

	9M 2024	2023	2022	2021	2020	3F 2024	2F 2024	1F 2024	4F 2023	3F 2023
Hreinar vaxtatekjur	44.090	57.559	46.464	38.953	38.074	14.955	14.752	14.383	14.783	15.241
Hreinar þjónustutekjur	8.068	11.153	10.623	9.483	7.638	2.690	2.642	2.736	3.066	2.336
Hrein virðisbreyting	-2.018	-3.120	2.473	7.037	-12.020	1.442	-746	-2.714	-1.281	-249
Aðrar rekstrartekjur	8.463	8.256	-6.307	6.857	4.561	2.129	3.178	3.156	5.267	208
Rekstrartekjur samtals	58.603	73.848	53.253	62.330	38.253	21.216	19.826	17.561	21.835	17.536
Laun og launatengd gjöld	12.005	15.866	14.474	14.759	14.767	3.582	4.190	4.233	4.332	3.221
Annar rekstrarkostnaður	7.569	10.092	9.289	9.105	9.064	2.492	2.491	2.585	2.979	2.388
Skattur á heildarskuldir fjármálafyrirtækja	1.955	2.290	2.097	2.013	1.815	719	636	600	527	643
Rekstrargjöld samtals	21.529	28.248	25.860	25.877	25.646	6.793	7.317	7.419	7.838	6.252
Hagnaður fyrir skatta	37.074	45.600	27.393	36.453	12.607	14.423	12.509	10.142	13.997	11.284
Tekjuskattur	10.166	12.433	10.396	7.534	2.086	3.636	3.544	2.986	3.213	3.374
Hagnaður tímabilsins	26.908	33.167	16.997	28.919	10.521	10.787	8.965	7.156	10.784	7.910

Efnahagur

	30.9.2024	31.12.2023	Breyting		31.12.2022	31.12.2021	31.12.2020
Sjóður og innistæður í Seðlabanka	124.093	75.350	48.743	65%	42.216	82.425	67.604
Markaðsskuldabréf	138.175	148.182	-10.007	-7%	125.265	150.435	119.330
Hlutabréf	24.162	19.012	5.150	27%	19.106	33.347	26.808
Útlán og kröfur á lánastofnanir	77.197	54.101	23.096	43%	28.621	47.231	48.073
Útlán og kröfur á viðskiptavinum	1.785.470	1.630.894	154.576	9%	1.544.360	1.387.463	1.273.426
Aðrar eignir	36.699	33.237	3.462	10%	27.456	28.897	28.936
Eignir samtals	2.185.796	1.960.776	225.020	11%	1.787.024	1.729.798	1.564.177
Skuldir við lánastofnanir og Seðlabanka	11.942	29.968	-18.026	-60%	6.634	10.425	48.725
Innlán frá viðskiptavinum	1.218.394	1.048.537	169.857	16%	967.863	900.098	793.427
Lántaka	546.103	513.687	32.416	6%	476.864	486.042	420.178
Aðrar skuldir	58.123	44.654	13.469	30%	34.819	29.803	22.226
Víkjandi lántaka	37.185	20.176	17.009	84%	21.753	20.785	21.366
Eigið fé	314.049	303.754	10.295	3%	279.091	282.645	258.255
Skuldir og eigið fé samtals	2.185.796	1.960.776	225.020	11%	1.787.024	1.729.798	1.564.177

Starfsþættir

1.1 – 30.9.2024	Einstaklingssvið	Fyrirtækjasvið	Eignastýring og miðlun	Fjárstýring og viðskiptavakt	Önnur svið	Jöfnunar-færslur	Samtals
Hreinar vaxtatekjur	16.173	21.413	371	5.802	408	-77	44.090
Hreinar þjónustutekjur	2.590	1.970	3.809	-284	107	-124	8.068
Hrein virðisbreyting	-1.980	-37	1	-1	-1	-	-2.018
Aðrar tekjur og (gjöld)	119	-904	285	8.707	259	-3	8.463
Rekstrartekjur (gjöld) samtals	16.902	22.442	4.466	14.224	773	-204	58.603
Rekstrargjöld	-5.544	-2.564	-1.809	-688	-9.093	124	-19.574
Skattur á heildarskuldir fjármálafyrirtækja	-803	-426	-11	-711	-4	-	-1.955
Útskiptur kostnaður	-3.610	-2.439	-964	-884	7.897	-	0
Hagnaður (tap) fyrir skatta	6.945	17.013	1.682	11.941	-427	-80	37.074
Tekjuskattur	-2.081	-4.669	-627	-2.857	68	-	-10.166
Hagnaður (tap) tímabilsins	4.864	12.344	1.055	9.084	-359	-80	26.908
Eignir samtals	919.224	854.469	16.841	768.517	21.426	-394.681	2.185.796
Skuldir samtals	852.440	705.317	12.719	679.167	16.785	-394.681	1.871.747
Úthlutað eigið fé	66.784	149.152	4.122	89.350	4.641	0	314.049

Fyrirvari

- Kynningu þessari er einvörðungu ætlað að vera til upplýsinga og skal hvorki tekið sem tilboði eða hvatningu um áskrift, kaup eða sölu á fjármálagerningum af hvaða tegund sem er.
- Upplýsingar í kynningu þessari hafa ekki verið sannreyndar sérstaklega. Landsbankinn ábyrgist ekki að upplýsingar eða skoðanir í kynningu þessari séu nákvæmar, sanngjarnar eða tæmandi.
- Í kynningu þessari kunna að vera áætlanir og framtíðarspár sem eru háðar ýmsum áhættu- og óvissuþáttum sem gætu leitt til þess að raunveruleg niðurstaða verði í verulegum atriðum önnur og sem gætu haft neikvæð fjárhagsleg áhrif á þau atriði sem fjallað er um í kynningu þessari.
- Landsbankinn ber enga ábyrgð á beinu eða óbeinu tjóni, hvernig sem það er tilkomið, vegna notkunar á þessari kynningu.
- Landsbankinn er ekki skuldbundinn til að uppfæra kynningu þessa, veita frekari upplýsingar eða leiðrétta villur sem kunna að koma í ljós.